



REYKJAVÍKURBORG
GÖNGUGÖTUR

SEPTEMBER 2020



AÐFERÐ

BLS. 3

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

BLS. 4

ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

BLS. 11

SP1: VIÐHORF TIL GÖNGUGATNA

Bls.

ÁSTÆÐUR VIÐHORFS

11

SP2: SVÆÐI GÖNGUGATNA

15

SP3: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á MANNLÍF

30

SP4: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á VEITINGASTAÐI

33

SP5: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á VERSLUN

36

SP6: TÍÐNI FERÐA Á GÖNGUGÖTUSVÆÐIÐ

39

42

MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir **Reykjavíkurborg**. Hún er um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna miðborgarinnar.

Könnunin var lögð fyrir Reykvíkinga í Þjóðgátt Maskínu, sem er Þjóðhópur fólks (e. Panel) dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu dagana 8. - 17. september 2020. Svarendur eru 18 ára og eldri úr öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Svarendur voru **884** og voru gögnin vígð með tilliti til kyns, aldur og búsetu (póstnúmera) í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá. Við vígðun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Í upphafi könnunar birtist svarendum kort af göngugötum í miðborg Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 22. september 2020.

Með þökk fyrir gott samstarf,
starfsfólk Maskínu.

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítil munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.


T-próf er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja hópa þegar svörin eru á kvarða.

ANOVA er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur ýmist verið nefnt ferkagreining eða dreifigreining á íslensku. ANOVA er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja eða fleiri hópa þegar svörin eru á kvarða.

Kí-kvaðrat próf er notað ertil að meta hvort marktækur munur sé á tveimur eða fleiri hópum þegar svörin eru ekki á kvarða.




1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?



*Í könnunin 2018 og 2017 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?“.


2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?





1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

■ Jákvæð(ur) ■ Í meðallagi ■ Neikvæð(ur)




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?



1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

■ Jákvæð(ur) ■ Í meðallagi ■ Neikvæð(ur)




Hverfi



2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?

■ Svæðið er of lítið ■ Svæðið er hæfilegt ■ Svæðið er of stórt




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?



2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?


■ Svæðið er of lítið ■ Svæðið er hæfilegt ■ Svæðið er of stórt



Hverfi




3. - 5. Telur þú að göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á miðborgarinnar?






6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?





Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Fjöldi	%
Mjög jákvæð(ur) (5)	373	45,4
Fremur jákvæð(ur) (4)	179	21,8
Í meðallagi (3)	138	16,8
Fremur neikvæð(ur) (2)	69	8,4
Mjög neikvæð(ur) (1)	63	7,6
Gild svör	821	100,0
Gildir svarendur	821	92,9
Svöruðu ekki	63	7,1
Heildarfjöldi	884	100,0




Meðaltal	3,89
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,09
Staðalfrávik	1,28



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög jákvæð(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög neikvæð(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

*Árin 2017 og 2018 þá var spurt um viðhorf gagnvart göngugötum yfir sumartímann.



Ekki er marktækur munur á meðaltali frá síðustu mælingu skv. t-prófi.

VIÐHORF TIL GÖNGUGATNA



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Gild	Jákvæð(ur)	Í meðallagi	Neikvæð(ur)			Breyting frá fyrri mælingu	
	svör							%
	Fjöldi							
Allir	821	67,2	16,8	16,1		3,89		0,06
Kyn								
Karl	412	66,2	14,8	19,0		3,82		0,00
Kona	410	68,1	18,8	13,1		3,95		0,11
Aldur*								
18-29 ára	205	76,4	16,7	6,9		4,19		0,27
30-39 ára	173	73,8	16,5	9,7		4,15		-0,21
40-49 ára	144	64,8	20,3	14,9		3,88		0,12
50-59 ára	138	64,0	11,2	24,8		3,66		0,04
60 ára og eldri	161	53,0	18,8	28,1		3,43		0,08
Hverfi*								
101-Miðborg	118	83,1	8,0	8,9		4,32		-0,04
103-Kringlan	11	83,5	5,7	10,8		4,21		0,67
104-Laugardalur	63	56,5	25,5	18,1		3,69		-0,37
105-Hlíðar	116	81,1	10,5	8,3		4,32		0,02
107-Vesturbær	55	88,8	5,2	6,0		4,36		0,12
108-Fossvogur	77	74,7	15,4	9,9		4,20		0,67
109-Neðra Breiðholt	75	59,3	22,3	18,5		3,71		0,35
110-Árbær	83	47,2	28,5	24,3		3,32		-0,43
111-Efra Breiðholt	65	56,4	20,6	22,9		3,43		-0,16
112-Grafarvogur	114	56,2	17,8	26,0		3,54		0,21
113-Grafarholt og Úlfarsárdalur	41	54,4	24,2	21,4		3,65		0,01

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Gild	Jákvæð(ur)	Í meðallagi	Neikvæð(ur)		
	svör					
	Fjöldi	%	%	%		Breyting frá fyrri mælingu
Allir	821	67,2	16,8	16,1	3,89	0,06
Menntun*						
Grunnskólapróf	92	50,6	26,0	23,4	3,43	0,02
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	230	63,6	15,5	20,8	3,70	0,30
Háskólapróf	481	73,8	15,0	11,2	4,12	-0,05
Heimilistekjur						
Lægri en 400 þúsund	91	67,1	18,3	14,6	3,99	0,12
400 til 549 þúsund	81	72,6	15,9	11,5	4,12	0,40
550 til 799 þúsund	169	67,3	15,5	17,2	3,79	0,08
800 til 999 þúsund	131	68,8	20,5	10,7	4,02	-0,04
Milljón til 1.199 þúsund	106	79,6	8,5	11,8	4,10	0,05
1.200 þúsund eða hærr	147	71,0	13,6	15,3	4,05	-0,11
Hjúskaparstaða*						
Gift/Kvæntur/Í sambúð	575	66,9	16,2	16,9	3,88	0,00
Einhleyp(ur)	167	74,0	15,1	10,9	4,06	0,16
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	61	57,0	22,5	20,5	3,58	0,20

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjömumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Gild svör		Í meðallagi		Neikvæð(ur)	Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%		
Allir	821	67,2	16,8	16,1	3,89	0,06
Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?*						
Svæðið er of lítið	190	98,9	0,4	0,8	4,88	-0,02
Svæðið er hæfilegt	419	79,1	17,4	3,5	4,21	-0,17
Svæðið er of stórt	195	13,9	28,8	57,3	2,32	0,17
Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*						
Vikulega eða oft	300	82,0	6,2	11,8	4,29	0,02
1-3 sinnum í mánuði	262	76,2	11,9	11,9	4,11	0,18
Sjaldnar en mánaðarlega	249	41,7	32,7	25,7	3,21	-0,01

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

101 - Miðborg

- Af því ég labba mjög oft og mikið um miðborgina.
- Auka mannlíf. Bæta lífsgæði íbúa. Skapa vettvang fyrir skemmtilegri verslun og þjónustu svo sem útikaffihús og veitingastaðir geta boðið upp á veitingar á útiborðum. Gefur nýjum rekstraraðilum betra færi á pop-up stemningu. Bætir aðgengi fyrir alla nema einn kabíla.
- Aukið öryggi, minni mengun, auðveldara aðgengi fyrir gangandi vegfarendur, betri stemming.
- Betra mannlíf, meiri „útlönd“.
- Betra mannlíf. Minni mengun. Minni hávaði. Meira öryggi fyrir fótgangandi.
- Betra mannlíf. (4 sem nefndu það)
- Betri aðstaða fyrir gangandi vegfarendur, ekki þröngsli eða hætta af bifreiðum.
- Bílar eiga ekkert erindi í miðborg.
- Bíla umferð á ekki heima við fjölfarnar verslunargötur, eins og hefur sannað sig í flestum stórborgum. Mun huggulegra, öruggara og afslappaðra að hafa þetta sem göngugötur.
- Bíla umferð þar er tilgangslaus að huglægu mati.
- Bý í miðbænum og líkar vel við það umhverfi sem göngugötur skapa.
- Býður upp á fjölbreytt mannlíf og litríkar götur.
- Býður upp á mannlíf.
- Býður upp á skemmtilegt mannlíf.
- Eðlileg þróun samfélagsins.
- Eins og í Evrópu.
- Engin bíll.
- Ég bý í miðbænum og finnst gott að ganga um hann. Það er ekki gott að keyra núna í miðbænum.
- Ég er slæm tilgangs og á því stundum erfitt með að ganga langar leiðir, væri betra að geta keyrt þangað sem ég vildi og gengið þaðan.
- Ég geng mikið í miðborginni og nýti göngugöturnar.
- Ég tel að göngugötur augin mannlífið. Sjaldan er hægt að fá bílastæði beint fyrir utan þá verslun sem maður ætlar í. Þegar ég fer á bíl í bæinn legg ég í bílastæðahúsum og labba í þá verslun sem ég ætla í. Undantekningarlaust dropa ég við í fleiri verslunum á leiðinni og versla stundum.
- Fallegar gönguleiðir.
- Fint að vera laus við umferð.
- Fólk þarf að ganga.
- Fórir göngutúr með konu í hjólastól og það var frábært að labba laugavegin og skoða allrúðirnar sem ég hef ekki séð.
- Fækka bílum.
- Gaman að ganga þar sem ekki er mikil bílaumferð.
- Gaman að geta gengið út um allt.
- Gefur kost á hefningu samhliða því að skoða sig um, hitta fólk og versla. Akstur bíla á Laugavegi átti einu sinni við en það er ekki raunhæft nú að aka á þúsundum bílaníður Laugaveg til að versla.
- Gera mannlífið fjölbreyttara.
- Gerir borgina skemmtilegri.
- Gerir líflegri miðbæ.
- Gerir skemmtilegri borgarbrag.
- Gott að geta gengið um götur bæjarins án mengunar út frá bílum.
- Gott að geta labbað um.
- Gott fyrir borgarlífið.
- Í hófi er allt gott.
- Lífleg og betra mannlíf - mig langar meira að fara í miðborgina. Fólk er skemmtilegra en mengandi bílar.
- Líflegri miðborg.
- Mannlíf.
- Meira mannlíf og minni bílaumferð.
- Meira mannlíf.
- Meira næði.
- Meira rými fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og minni hætta (ef það væri almennilega lokað fyrir göngugöturnar).
- Meiri sjarmyfir miðbæinn - auðveldara og öruggara að vera fótgangandi/hjólandi.
- Minni mengun vegna bílaumferðar. Á heima í miðbænum og geng mikið um þetta svæði.
- Minni mengun, minni bílaumferð, meira mannlíf.
- Minni mengun, minni hávaði, meira rými fyrir gangandi vegfarendur, fólk með börn, með kerrur/vagna og hjólandi. Bílar eru óþarfir á þessu svæði. Ekkert mál að leggja í nærliggjandi bílastæði og ganga.
- Minnka bílaumferð þar.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

101 - Miðborg frh.

- Minnka umferð og meira rými fyrir gangandi.
- Mundi frekar fara ef ég get labbað eða hjólað.
- Skapar borgarmeningu.
- Skemmtilegra að leggja bílum og ganga en að keyra niður laugarveginn t.d.
- Skemmtilegri kjarnar og mannlíf á göngugötum.
- Til að skapa miðbæjarstemningu.
- Vegna þess að það er góð stemning, minni hávaðamengun og minni útblástur.
- Vegna þess að það gefur rými fyrir mannlíf í stað bíla.
- Vegna þess að þær skapa skemmtilega stemningu og minnka mengun í miðbænum.
- Það er notað að vera fjarri vélknúnum ökutækjum, röltum, kíkja í búðir og fá sér einhverstaðar að borða eða drekka. Öryggi í göngugötum er meira sem er sérstaklega mikilvægt fyrir barnafólk. Hægt er að skapa grænsvæði með bekkjum og borðum og búa til þægilegt vænt umhverfi.
- Það er nóg af götum fyrir bíla og á göngugötum myndast skemmtileg stemmning.
- Það er næs að geta farið og skoðað mannlífið án þess að þurfa að hugsa um að passa sig á bílum, meira af fólki í bænum.
- Þar er hægt að fara í „menningarlega“ göngutúra með börn án þess að vera á nálunum yfir því að einhver komi á blússandi ferð á bíl og skapar slyshættu!
- Þau eru aðga borgarlífið.
- Þá myndast hugguleg stemning sérstaklega á sumrin og þegar jólin nálgast og það hvetur til útiveru og heilsusamlegri ferðamáta. Það ætti líka að minnka mengunina örlítið og það er algjör óþarfi að þurfa að keyra laugarveginn, alveg hægt að fara göturnar í kring eða leggja í bílastæðahúsinálægt og labba örfáar mínútur.
- Þá verður aftur pláss á þeim (miðað við ferðamenn fyrir covid) og það þarf ekki að hafa áhyggjur af börnum í þungri bílaumferð. Þá fer fólk vonandi að nota þessi bílastæðahús sem Íslendingar viðrast forðast eins og heitan eldinn.
- Því það er maður þarf hvort sem er að fara götuna fótgangandi því það er hvergi bílastæði.
- Þægilegar fyrir gangandi fólk.

- Þær auka mannlíf, létta lund, draga úr mengun, hávaða, streitu og hættu sem hlýst af bílaumferð. Miðborgin er þétt og þröng og alveg þægilegt og fljótlegt að komast leiðar sinnar á tveimur jafljótum þegar inn í hana er komið.
- Þær eiga að vera sjálfsagður hlutur og það ætti ekki að þurfa að kanna afstöðu fólks til þeirra. Þær eru skemmtilega, fallegar, öruggar, hljóðvistin þar er betra en ella og hún er lýðheilsueflandi.
- Öruggra og þægilegra að nálgast verslanir og þjónusgu.
- Öryggi, fjörugara borgarlíf.

103 - Kringlan

- Er í hjólastól frá barnsaldri.
- Ég er mjög ánægð með þær. Mér finnst það hafa skapað góða stemningu í sumar.
- Gott er að ganga sér til heislubótar.
- Góð að staða til útiveru - hægt að sitja úti án þess að fá bílaús yfir sig.
- Mér finnst bara gott að geta gengið um án þess að bílar séu sínt og heilagt fyrir. Annars er ég lítið á ferðinni í bænum, því mér finnst miðbærinn lítið spennandi, skítugur og ekki um að vera þar nema barir og veitingarhús.
- Mér finnst gott að fá frið fyrir bílaumferð.
- Umhverfisvænna, öruggara fyrir gangandi vegfarendur og meira hægt að gera með göngugötur en umferðargötur.
- Það hentar mér að geta gengið á hyggjulayst um.
- Það lífgar upp á umhverfið og býður staðareigendum meiri kost á því að hafa borð úti, viðburði úti.
- Það skapar stemningu, leiðinlegt að þurfa alltaf að vera sípassandi sig á bílum hvert sem maður fer og geta ekki.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

104 - Laugardalur

- Allt of mikið af bílum.
- Betri hljóðvist, minni mengun, hlýlegra og hættu minna umhverfi en ef bílumferð er heimil.
- Býður upp á skemmtilegra mannlíf, uppákomur oþh.
- Eðlileg þróun.
- Er hlýnt því að minnka umferð í miðbænum, en finnst litið gert til að koma til móts við hluti eins og samgöngur bílastæði og annað.
- Gerir stemmingu.
- Gott pláss til að labba um.
- Huggulegra, minni umferð og minni mengun.
- Kall nútímans.
- Kynnst slíkum götum í útlöndum og er almennt fylgjandi minni bílaumferð.
- Mannlíf og næs.
- Meira líf og minni hætta.
- Meira pláss fyrir gangandi vegfarendur og meira líf á götunum.
- Minni umferð Meira götulíf.
- Minni umferð.
- Notalegra, meiri borgarbragur.
- Skemmtilegra mannlíf, auðveldarara að komast hjólandi eða gangandi í búðir og öruggara fyrir börn og bætt aðgengi fyrir fatlaða.
- Skemmtilegra og meira líf á götunum, þar er ekki að leggja bílum nákvæmlega þar.
- Það er meira frelsi fyrir gangandi vegfarendur og hægt að hafa börnin þarna án þess að hafa áhyggjur.
- Það eykur mína upplifun af því að fara í miðbægin og vera laus við bílaumferð og kemur mun betri miðbæjarbragur með lokunum.
- Þar er ekkert pláss fyrir bíla.
- Þær stuðla að fjölbreyttu mannlífi og auka umhverfisviðtund.

105 - Hlíðar

- Af því borgin er fyrir fólk, ekki bíla og mengun.
- Auðvelt að fara um.
- Aukið mannlíf, minni umferð.
- Bara hollt og gott.
- Betra mannlíf. Eðlileg þróun. Manneskjulegra umhverfi.
- Betra og öruggara rými fyrir mig og börnin mín.
- Bílaumferð er mengandi á þessum þröngu götum. Ég bý í miðborginni og finnst óþægilegt að komast leiðar minnar innan um bíla. Rannsóknir erlendis hafa líka sýnt að verslun eykst þar sem göngugötur eru.
- Bílaumferð hefur neikvæða áhrif á upplifun á svæðum, útikaffihúsum og sker í sundur verslunarsvæði sem ætti að vera ein heild.
- Bíllaus lífsstíll og borgir þar sem búin er til miðbæjarmening með göngusvæðum sem eru án bílaumferðar heilla mig. Það eykur bæði útveru fólks og öryggi. Mér finnst göngugötur mikilvægur þáttur í heilsuefingu.
- Breytir borginni í skemmtilega borgarmeningu.
- Býður upp á mannvænt/félagslegt/fjölskyl duvænt umhverfi. Hvetur fólk til að njóta Reykjavíkur.
- Bæta mannlífið.
- Bætir mannlíf.
- Draga úr mengun, auka ánægjugildi útverunnar og miðborgin á að vera fyrir fólk ekki bíla.
- Dregur úr mengun og skapar meira mannlíf.
- Ef við við horfum á þetta úfrá veðráttu þá eru göngugötur stór liður í lífandi miðbæsumar mánaða hér á Íslandi en við vitum öll að þær eru ekki jafn nauðsynlegar á milli okt-ápr. Þætti vænt um ef hægt væri að gera hreyfanlega yfirbyggingu á göngu-hluta laugavegar yfir vetrar mánuðina, svo myndi þetta bara opnast eins og leikvangur yfir sumrin!
- Engan áhuga á bílamiðbæ.
- Eykur mannlíf á göngugötunum.
- Ég er t.d ekki sammála um Laugveginn sem göngugötu.
- Ég tel göngugötur skapa ástæður fyrir fjölbreytt mannlíf og menningu.
- Ég vil fá mannlíf á göturnar en ekki bílalíf og mengun.
- Ég vil frekar geta gengið um götur miðbæjarins en keyrt.
- Finnst gott að geta rölt um á sumrin.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

105 - Hliðar frh.

- Finnst gott að hafa stað þar sem engin bílaumferð er.
- Finnst þær geta skapað skemmtilega stemningu en fíranlegt að loka öllum laugaveginum nánast.
- Finnst þær nauðsynlegar til að draga úr bílaumferð svo fólk geti hindrunarlaust ferðast um borgina.
- Finnst þær notalegar og skapa góða stemningu.
- Fínt að geta gengið með börn og ekki hafa áhyggjur af bílum.
- Frábært að geta setið t.d. á kaffihúsi úti á sumrin og ekki með bílaumferð a lveg upp við nefið á sér og labba um án þess að hafa áhyggjur af bílum.
- Frábært að hafa göngugötur á litlum svæðum í Reykjavík, götur borgarinnar eru þröngar og þetta eykur öryggi gangandi vegfarenda. Finnst samt að það ætti ekki að fjölga göngugötum strax, fínt eins og þetta er.
- Gaman að geta gengið um með börnin án þess að huga mikið af bílaumferð. Skemmtilegra umhverfi.
- Gaman að labba á milli og skoða í ró og næði.
- Gefur fólk rými til þess að vera til. Eykur öryggi. Hvetur fólk til þess að fara í bæinn. Auðveldara að vera með börn í bænum án þess að vera hræddur um að bíll keyri á þau. Lífgar upp á bæinn. Hefur góð áhrif á verslun og þjónustu.
- Gefur færi á öðruvísi mannlífi, fjölbreyttara og skemmtilegra. Pláss fyrir viðburði og sýningar.
- Gefur kost á mun meira mannlífi þegar ekki eru bílar út um allt.
- Geng mikið um miðborgina. Göngugötur skapa meira rými og aðra upplifun.
- Geng oft í mínu nágrenni.
- Gerir góða stemningu og er þægilegt.
- Göngugötur eru hið besta mál og gera borgina betri.
- Jákvæð áhrif á heilsu, mannlíf og umhverfi.
- Jákvætt fyrir mannlífið.
- Kann vel við það og finnst gaman að ganga.
- Mannlífið er svo miklu skemmtilegra á göngugötum og þær bjóða upp á svo mikla möguleika. Það þarf ekki alltaf að troða bílum alls staðar.
- Margar þröngar og eru ekki fyrir bíla.
- Meira af gangandi vegfarendur.
- Meira mannlíf, þægilegra að komast á milli staða.
- Meira mannlíf.
- Meiri nærvera við umhverfið, gott að geta farið um og ekki þurfa að hafa bílaumferð í kringum mig. Skapast skemmtilegra umhverfi og sérstaklega á sumrin. Hægt að nýta þetta vel til að auka mannlífið.
- Mér finnst bara götulífið blómstra þegar að bílarnir fara. Það sést best á því að þegar maður gengur fyrri hluta Laugavegs sem er enn með bílaumferð þá er allt steindautt en strax og lokunin byrjar þá er mun meira mannlífs sem gerir allt miklu skemmtilegra.
- Mér finnst nauðsynlegt að vera með göngugötur í miðborgum, en þessar göngugötur þurfa að vera í hófi, ekki oflangar.
- Miðbæja stemming.
- Minni áhyggjur af bílum og meira pláss fyrir gangandi.
- Minni bílaumferð. Fjölbreyttara götulíf.
- Minni mengun, meira mannlíf, bætt öryggi, jákvæðs áhrif.
- Mjög þægilegt að geta gengið frjálst um götur bæjarins.
- Notalegt mannlíf.
- Óþarfi að vera með bílaumferð en tryggja þarf gott aðgengi til þjónustu við verslanir o.þ.h.
- Skapa mannlíf.
- Skapar góða stemningu. Einnig er um mjög þröngar götur að ræða og öryggi betra með því að breyta í göngugötur.
- Skapar notalegt umhverfi yfirsumarið.
- Skemmtilegra mannlíf.
- Skemmtilegri stemming.
- Skemmtilegri stemning og mannlíf getur skapað.
- Skemmtilegri stemning þegar eru ekki bílar.
- Stressminna umhverfi.
- Svogaman að ganga um þessar götur 😊.
- Umhverfið verður frjálstlegra og hættuminna, minni mengun.
- Vegna þess að ég nota þær, en á sama hátt hefur stundum verið mál að komast í gegn um bæinn á bíl, og ég bý þar og það á það til að trufla. Kannski líka þegar miklar framkvæmdir þrengja götur.
- Veitir meira lífi miðbæinn gerir miðborgina að miðborg.
- Við eigum bara eina miðborg. Þar á að vera mannlíf, menning, matur og annað sem einkennir miðbæi. Bílaumferð á að



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

105 - Hlíðar frh.

- Það býr til skemmtilegri miðborgarstemmingu þegar fólk getur gengið óhindrað um og bílum er ekki lagt upp á gangstéttir.
- Það er bara frábært að hafa þó þessar götur í miðbænum bílalausar. Það eykur, bætur og kætir.
- Það er frelsandi að hafa enga bíla.
- Það er miklu skemmtilegra að vera í miðborginni sem er ekki full af bílum. Það er meira pláss fyrir gangandi fólk og minni mengun.
- Það er nauðsynlegt að hafa bílalaust umhverfi á hluta miðbæjarinnar, það eykur mannlíf, svæði fyrir úti borð og blómaker og er skemmtilegt.
- Þar sem að íbúar fá engin stæði við þær götur sem þeir búa og svo þurfa þeir að borga í stæðin sem að þeir fá, þá geta þeir sem að búa utan þess svæðis tekið strætó þangað sem að er ódýra raen að kosta bensín í bílaröum.
- Þá er gott fyrir fólk að vera í bænum.
- Því það er gott að geta labbað þar sem er gott pláss. Skil líka kaupmenn sem vilja bílaumferðina.
- Þægilegar gönguleiðir án umferðar.
- Þær bæta mannlífið, gefa kost á því að njóta þess að hafa aðgang að vörum og þjónustu án þess að þurfa að hafa áhyggjur af bílum.
- Öryggi, fjörugara borgarlíf.

107 - Vesturbær

- Bara.
- Betra fyrir alla í miðborginni. Það er nóg af bílastæðum. Engin tilgangur með bílaumferð þarna. Þetta er í raun bara opnun laugarveggar með því að hafa lokað fyrir bílaumferð. Það er hægt að hafa það þannig að þjónustubílar geti komið. Aðrir hafa ekkert erindi þarna.
- Betra mannlíf, meira pláss fyrir gangandi og hjólandi, minni mengun. Meira aðlaðandi umhverfi.
- Bílar þurfa ekki að vera allstaðar í forgangi.
- Borgarbragurinn verður mun betri og minna um mengun. Óþægilegt að bílum sé gefið svo mikið pláss þegar gangstéttirnar rúma stundum ekki gangandi vegfarendur.
- Bætt mannlíf!
- Ekkert pláss f bíla og þeir eru óþarfir. Gangandi og hjólandi eiga að vera í forgrunni í miðbænum.
- Er ekki á bil.

- Ég á ekki heima þar.
- Ég á heima nálægt og fer oftast fótgangandi niðri bæ.
- Ég labba alltaf um miðbæinn, keyri aldrei.
- Ég tel það auka við lífi í borginni að bjóða upp á göngugötur og meira pláss fyrir fólkið sem kemur þangað og býr þar.
- Finnst fylgja því meira mannlíf. Hef meira gaman af því að ganga um miðbæinn svoleiðis. Fer þá oftara þangað í göngutúr með krakkana.
- Finnst óþarfi að hafa bílaumferð um þessar götur, það eru bílastæðahús skammt frá og skemmtilegri stemning að geta labbað óáreittur þarna um.
- Finnst skapast skemmtileg stemning á svona göngugötum í miðborgum.
- Finnst vera ákv. borgarbragur að hafa þær.
- Göngugötur bæta mannlífið og gefa frið fyrir blikkbeljunum.
- Hef gaman af því að ganga þar.
- HHægt að skapa skemmtilega stemmingu á göngugötum, t.d. yfir sumartímann og á aðventunni og svo höfum við líka gott af því að hreyfa okkur og bara ganga á milli búða og veitingastaða. Þurfum ekki alltaf að leggja við dyrnar. Held líka að við myndum sjá fleiri staði og kannski kíkja inn í búðeða á veitingastað sem við kannski ætluðum ekki endilega að kíkja á, eða vissum ekki um. 😊
- Jákvætt að geta gengið þar sem þrengsli eru í stað þessa að berjast um stæði.
- Líflegur mannlíf.
- Mannlífið verður skemmtilegra.
- Meira næði fyrir göngtúra.
- Mikið lægt að hægt sé að ganga þarna um án þess að óttast umferð - sviptuð stemning á sambærilegum verslunargötum erlendis.
- Minni mengun, útivist og manneskjulegra umhverfi.
- Minnka mengun.
- Mun afslappaðra og skemmtilegra að spóka sig um í miðbænum án umferðar.
- Reynsla erlendis.
- Skapa notalega stemningu fyrir gangandi vegfarendur og meira götulíf.
- Vegna þess að göngugötur auka rými fyrir gangandi vegfarendur, stemmingin verður afslappaðri og mögulegt er að nýta svæðið fyrir viðburði (athafnir) sem ekki væri mögulegt annars. Minni mengun (loft - hávaði). Hins vegar mætti sveigjanleiki vera meiri með opið/lokað fyrir bílaumferð.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

107 - Vesturbær frh.

- Því þær stuðla að fjölbreyttara mannlífi og líflegri borg.
- Þægilegt.
- Þær lífga miðborgina við. Þýr til ákveðna menningu og stemmingu. Get samt skilið að það sé erfitt að koma með vörur og erfitt fyrir neyðarþjónustu að komast að.
- Þær stuðla að betra mannlífi í miðbænum.

108 - Fossvogur

- Auðvelt.
- Betri borg fyrir vikið, meira fjör.
- Bílar og gangandi fólk eiga litla samleið.
- Bílaumferð er of mikil ég geng og hjóla og teks træto.
- Eflir líf í miðbænum.
- Eykur aðgengi og möguleika til að fara um miðborgina. T.d með barnavagn. Færir verslun og mannlíf út á götu og lífgar uppá miðbænn.
- Eykur möguleika á mannlífi, viðburðum ofl ef húsnæði, kaffihús, veitingastaðir eru við rýmið.
- Ég hef alltaf búið í miðbænum og sé hversu jákvæð þessi þróun er.
- Finnst bara fínt að geta rölt um án þessa að hafa áhyggjur af bílaumferð og meiri líkur að ég skoði mig um og njóti.
- Fjölbreytt mannlíf.
- Gefur gangandi vegfarandum svigrúm, minni hljóðmengun og útblástursmengun frá bílum.
- Gerir umhverfið meira aðlaðandi. Þessar götur hafa hvort eð er mjög lítið gildi sem samgönguleið fyrir bíla.
- Get hugsað mér að nota þær.
- Gott fyrir mannlífið. Auðveldar fólki með barnavagna að fara um göngugötu. Auðveldar fólki í hjólastól að fara um götuna. Hægt að renna sér á rafmagnshlaupahjól. Betri loftgæði. Betra umferðaröryggi. Möguleikar á fjölbreyttara mannlífi og menningaratburðum. Allt betra en að hafa bíla í hægagangi.
- Göngugötur ýta undir göngutúra, sem bæta heilsu og lífsgæði. Huggulegra umhverfi á bíla, skemmtilegra að sitja úti á veitingarstöðum ef bílar eru bannaðir.

- Laus við bíla meira frelsi, skemmtilegti stemning.
- Loftgæði og meira rými.
- Mannlífið er skemmtilegra. Það þarf að vera pláss fyrir fleira en bara bíla.
- Meira líf. Evrópsk stemning.
- Mér finnst göngugötur í miðbæ Reykjavíkur gefa góða raun, mannlífið verður skemmtilegra.
- Mér finnst það skapa rólega og notalega stemmingu.
- Miðborgin leyfir ekki mikla umferð.
- Miðborgir eru EKKI fyrir bílaumferð sem á að vera á jaðrinum (nema undantekningar). FÓLK býr í borginni og það er byggt til að ganga, ekki bara á fjöll.
- Minnkar bílaumferð og eykur bæjarbraginn.
- Mun þægilegra að ganga um með fjölskyldunni á göngugötum heldur en þar sem bílaumferð er. Kostirnir eru minni mengun, minni líkur á að einhver hlaupi fyrir bíl ofl.
- Mynda ákveðna stemmingu.
- Ska par skemmtilega stemmingu.
- Ska par skemmtilegri stemmingu, gott að hvíla einkabílinn.
- Ska par skemmtilegri stemmingu.
- Skemmtilegra.
- Stemning. Rétt á hersla á fólk en ekki bíla.
- Tel það gera götumyndina fallegri, rólegri og afslappaðri.
- Útivera.
- Veit ekki bara fínt að hafa einhverja göngugötu.
- Þarf að spyrja.
- Þægilegt að geta gengið um.
- Þægilegt að komast um fótgangandi og er meiri borgarstemning og líf á góðviðrisdögum. Það er langþægilegast að leggja bara í bílastæða húsi og ganga um frekar en að vera að fara á milli staða í bíl í miðborginni.
- Þær stuðla að fjölbreyttu mannlífi og auka umhverfisvæntu.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

109 - Neðra Breiðholt

- Allir á reiðhjól í miðbænum.
- Er gangandi vegfarandi og vil gjarnan labba um án þess að hafa áhyggjur af bílum.
- Ég er fylgjandi því að miðnaka umferð í miðborginni og tel það ekki hafa slæm áhrif á verslun og mannlíf að minnka bílaumferð.
- Fjöldbreyttara mannlíf, umhverfsvænna samfélag.
- Gaman að geta gengið um truflunar akandi umferðar. En ég fer ekki oft í bæinn.
- Gott að hafa göngugötur.
- Gott innslag í borgarumhverfið.
- Gott í bland.
- Göngugötur stuðla að meira og fjölbreyttara mannlífi.
- Hjálpar til við að skapa líf í borginni. Einnig er mikið af fólki á þessum svæðum sem þurfa meira pláss en núverandi gangstéttir.
- Meira líf, fjölbreyttara mannlíf, meiri gleði almennt.
- Meiri næs stemning. Þægilegt í sumar þegar hægt var að borða uti á götum borgarinnar.
- Miklu betri fyrir mannlífið.
- Minni mengun.
- Skapar líflegt umhverfi án bíla og gerir umhverfið fjölskylduvænna.
- Skapar meira og betra mannlíf, í stað bílaumferðar með tilheyrandi mengun.
- Skapar skemmtilegt andrúmsloft, að mínu mati.
- Umhverfissjónarmið. Gleði og fegurð.
- Þetta er partur af borgarstemmingunni.
- Því þær auðga mannlífið og gerir borgina skemmtilegri.
- Þykir þægilegt að geta gengið um miðborgina á útblásturs úr bílum.
- Þægilegra að ganga þar sem eru engir bílar.

110 - Árbær

- Betra mannlíf og meira öryggi.
- Betri stemning.
- Bætur mannlíf og umferðaröryggi.
- Eykur mannlífið.
- Finnst bara fínt að hafa ákveðnar götur fyrir gangandi.
- Finnst það góð hugmynd, en finnst hún ekki að hafa verið útfærð rétt. Það þarf að passa að bílar komist einnig þægilega í kri ngum þessa staði og göngugöturnar eru í raun nokkuð hættulegar því hjólréiðafólk/vespur keyra enn á fullum hraða þarna í gegn.

- Fjöldbreyttara og skemmtilegra mannlíf. Minni mengun.
- Frábært að fara um án þess að séu bílar.
- Færri bílar minni mengun. Meir líkur að rekast á fólk sem maður kannast við og svo veita göngugötur manni gleði.
- Gaman að ganga um í góðu veðri.
- Gott að geta gengið þar um með börnin án þessa að hafa áhyggjur af bílaumferð.
- Gott að geta labbað.
- Gott að losna við bílaumferð - nóg af henni á öðrum stöðum.
- Hjarta borgarinnar að sleppa óþarfa umferð.
- Í göngugötum verður til fjölbreytt og skemmtilegt mannlíf og tækifæri verslana og veitingastaða aukast, s.s. til að flæða út og þjónusta fólk betur og meira. Umhverfið verður fallegra þegar það einkenist ekki af akandi bílum og bílum í stæðum meðfram öllum gangstéttum. Það er bara gott að vera þar sem fólk hefur forgang.
- Jákvæð áhrif á bæjarbraginn.
- Meira gaman að labba þar, án bílaumferðar.
- Meira líf á götum. Hægt að vera öruggur þar sem bílar eru ekki nálægt.
- Meira pláss til að labba. Gefur kaffihúsum og veitingastöðum tækifæri á að nýta útsvæði betur.
- Mér finnst það bæta mannlífið í Reykjavík að geta gengið frjálts um þessar götur án truflana frá bílum. Að vissu hrekkur maður oft upp við rafmangshjól/skútera á miklum hraða.
- Miklu betra að ganga um þær og vera laus við bílana.
- Minni bílaumferð fleira fólks.
- Minni hávaði meira næs að labba um.
- Minnkar bílaumferð og breytir á sýnd miðbæjarins.
- Mjög.
- Nauðsynlegar.
- Skapar góða stemningu.
- Skapar skemmtilega stemningu.
- Skemmtilegra miðbæjarumhverfi.
- Skemmtilegra.
- Skemmtilegra líf.
- Stemmingin, umhverfisþættir.
- Stórborgarstemming.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

110 - Árbær frh.

- Sumar götur henta betur undir fólk en bíla. Er þó undantekning á skoðun minni sú að Laugavegur ætti að vera opinn bílaumferð nema á góðviðrisdögum.
- Svára ekki.
- Svo mannlíf, verslun og þjónusta þróist og dafni í mannvænlegu umhverfi.
- Vegna þess að það er eðlileg þróun að draga úr umferð í miðborgum. Það er hreinna loft og miklu skemmtilegra að vera í bæn um án bíla. Þetta er að mínu mati lítið skref í átt að því að banna bílaumferð enn frekar í þéttbýli.
- Það skapar skemmtilegri stemningu að hafa göngugötu.
- Þægilegt fyrir gangandi vegfarendur, ýtir undir að skoða miðborgina gangandi.

111 - Efra Breiðholt

- Afslappaðra umhverfi og tækifæri til að auka kaffihús með útisvæðum.
- Auðveldar aðgang, gefur meira frelsi og minnkar áhættu.
- ER með bíl lausan lífstíl og á móti mengun.
- Eykur öryggi gangandi vegfarenda, að vera laus við umferð skapar skemmtilegri stemningu í miðbænum.
- Framtíðin.
- Gerir góða stemningu og gaman að geta labbað um göturnar.
- Gott að fá frí frá eiturspúandi og hávaðasamri bílaumferð.
- Gott að vera laus við bílana.
- Gott.
- Góð stemning, minni mengun.
- Minna stress, engir bílar, meiri stemning.
- Umhverfisvænt, öruggt fyrir börn.
- Þægilegt fyrir þá sem vilja njóta borgarlífs.

112 - Grafarvogur

- Betra og fjölbreyttara mannlíf.
- Breytir borgarbrag til hins betra.
- Bý í miðborginni og nýt góðs af.
- Bý í miðbænum hefséð að það hefur gríðarlega góð áhrif á stemminguna að loka götum fyrir bílaumferð. Mannlíf eykst. Það eru hvort er ekki nema örfá stæði fyrir þessa bíla á þessum götum, og þau eru alltaf upptekin, stundum allan daginn, og þá eru engin stæði, svo til hvers að keyra þær ef það er ekki hægt að stoppa.
- Bæti bæjarbraginn.
- Eykur verslun og umferðaröryggi.
- Finnst allt í lagi að hafa þær þar.
- Finnst gaman og þægilegt að hafa meira göngupláss. Líka hægt að hafa lengra á milli fólks meðan covid ástandið er. Allir þurfa ekki að hrúgast á þröngum gangstéttum.
- Finnst yndislegt að hafa stað til að rölta um án þess að vera umkringd bílaumferð. Svo eru þær margar svo fallegar og skemmtilegar og brjóta upp þessar gráu gömlu umferðargötur.
- Finnst það bara gott að þurfa ekki passa sig á farartækjum. Skemmtileg stemning.
- Fólk í fyrirru mi frekar en bílar.
- Gamnan að ganga á þeim, en einungis í góðu veðri.
- Gott að fara úr bílunum og njóta þess að labba, sérstaklega í góðu veðri.
- Göturnar eru þröngar, það er erfitt að leggja bíl þar og ef það væri bætt aðeins í að fjölga bílastæða húsum þá væri skemmtilegra að fara þangað heldur en núna.
- Hægt að sitja úti. Manneskjan nýtur sín betur í umhverfi án bílaumferðar. Börn eru í minni hættu. Hljóðmynd betri.
- Laus við bílaumferð og útblástur.
- Losna við umferðina, njóta göngunar.
- Mér finnst þetta gefa borginni líf fyrir utan bílinn. Það er enginn að fara í bæinn til að skoða bíla. Setur fólk sem velu aðra ferðamáta í forgang og gefur okkur pláss til að vera til.
- Minni óþriðnaður, hætta og mengun, meira pláss fyrir fólk.
- Nauðsynlegur þáttur í borg þar sem mannlíf er metið. Góð tilraun til þess að bæta borga skipulag og -landslag. Geirsgata hefði átt að fara í stök til þess að búa til meira svona og heilbrigðari miðborg. Gott væri að huga að því að búa til skjól og „heita reiti“ (með hiturum t.d. / jarðhita samt helst - kannski væru kúluhýsi eitthvað? Þannig að við



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

112 - Grafarvogur frh.

- Rétt útfærðar ættu þær að ýta undir vilja til að nýta, svo verslun og þjónusta fái þriðja.
- Sjálfsagðar sums staðar en vegna tíðrar á Íslandi mega þær ekki vera of langar.
- Skaðar skemmtilega stemningu, laus við bílaumferð, getur styrkt verslun. Útheimtir að hönnun þeirra sé góð/notaleg/hugguleg með að landi ásjónu (gróður, bekkir, leiktæki). Líflugar upptækur.
- Skemmtilegri stemningu í miðbænum.
- Til að aðvelda aðgengi að miðborginni fyrir gangandi.
- Umhverfissjónarmið, aukin lýðheilsa aðganga, jákvætt að draga úr bílaumferð.
- Það er óþarfi að hafa allar götur fyrir bílaumferð. Ef við horfum til nágrennalanda eru margar götur þar sem eru bara gangandi umferð í miðborgum.
- Það er sjálfsagt í gamalli og þröngri miðborg að bjóða upp á bíllausar götur.
- Það er svo gott að geta rölt um án þess að hafa bílaumferð við hliðina á sér.
- Það eykur lífsgæði og mannlíf í miðborginni. Bílar nógu plássfrekir.
- Það gerir miðbæinn meira aðlaðandi og er eðlileg þróun með auknum túrisma (þrátt fyrir tímabundið bakslag vegna covid) og eðlilegri borgarþróun þar sem einkabíllinn viku fyrir umhverfisvænni samgöngumáta.
- Þarf að vera í borg eins og öðrum borgum en ég er ekki sammála að loka laugarvegnum öllum.
- Þægilegt þegar ég geng um bæinn sem ég geri oft.
- Öruggra og þægilegra að nálgast verslanir og þjónustu.

113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur

- Betri mannlíf á svæðinu.
- Eykur skemmtilegt mannlíf og fjölbreytni.
- Ég hef gauman af þeim göngugötum sem fyrir eru, stundum gott að losna við bílana. Skemmtileg stemning.
- Finnst alltof mikil áhersla lögð á bílaaðgengi í miðborginni. Göngugötur gefa annað og mun skemmtilegra andrúmsloft.
- Gefur betri bæjarbrag.
- Gefur fjölbreyttari möguleika fyrir verslunareignur að nota svæðin fyrir framan verslanirnar í nýja þjónustu.
- Góður valkostur að hafa slíkt.

- Göngugötur eru mikilvægur hluti af lifandi borgarumhverfi. Þarfhinsvegna að huga vel að skjóli fyrir veðrum og vindum. Hálf-yfirbyggðar göngugötur væru væntanlega svarið - ekki algjörlega lokaðar fyrir veðri og vindum, en þannig að dragi úr vindhæð og úrkomu.
- Hvetur til heilsusamlegrar lífnaðarháttar.
- Jákvæður þar sem þær eiga við - neikvæður gagnvart óþarfri heftingu flæðis til nota Laugavegarins.
- Kallar á fjölbreyttara mannlíf og viðburði.
- Lífga upp á mannlífið.
- Mannvæn stefna.
- Meira líf í miðbæinn. Fallegra umhverfi. Meira pláss. Aðvældara að nálgast þjónustu.
- Meira líf skemmtilegra.
- Meira rými fyrir gangandi.
- Mér finnst gott að hafa þessa staði bíllausa svo að hægt sé að nota svæðið fyrir upptækur og ýmsa tímabundna sölu (td. ís, ristaðar hnetur, glögg) á góðum sumardögum eða fyrir jól.
- Minni bílaumferð.
- Skaðar meira mannlíf í miðborginni Skemmtilegar skreytingar á götum.
- Skemmtileg stemning.
- Vil ekki bílaumferð í miðbæ.
- Þær breyta borgarbragnum og auka líf.

116 - Kjalarnes

- Laus við bílaumferð. Miðbæinn er frekar lítill og ekkert mál aðganga um hann.
- Það er notað gott að geta gengið í rólegheitum um nokkrar götur borgarinnar, sitja á veiðingahúsum við götuna og horfa á fólk, ásamt því að njóta.
- Þá minnkar útblástursmengun frá bílum og minna pláss þarf undir bílastæði. Gott að geta rölt um bæinn án hávaða frá bílaumferð.



Hvers vegna ert þú í meðallagi jákvæður/neikvæður gagnvart göngugötum í miðborginni?

101 - Miðborg

- Á sumrin er sjálfsgott að hefta umferð, en um vetur er oft þannig veður að ekki er hundi út sigandi.
- Erfitt að nálgast atvinnustarfsemi á veitur.
- Göngugötur eru ágæt, en öllu má ofgera. Það er komið fullmið af þeim í miðbænum og margar verslanir hafa flutt sig eða hætt starfsemi út af þessu.
